



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnarsýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

## STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 07.04.2020

Kl.: 17:00

Staðsetning: Samhæfingarstöð almannavarna/Embætti landlæknis/Sóttvarnalæknir,

### Neyðarstig vegna COVID-19

#### Framvindan


Upplýsingamiðlun, gerð leiðbeininga og ráðlegginga til almennings, stofnana og fyrirtækja. Allar leiðbeiningar er að finna á heimasíðu [Embættis landlæknis](#), [Ríkislögreglustjóra almannavarnadeild](#) og [upplýsingasíðunni covid.is](#)

### Spálíkan fyrir fjölda tilfella og álag á heilbrigðisþjónustu


Sóttvarnalæknir kallaði saman vísindamenn frá Háskóla Íslands, embætti landlæknis og Landspítala til að gera spálíkan um líklega þróun COVID-19 faraldursins á Íslandi, sem gæti nýst við ákvarðanatöku um samfélagsleg viðbrögð og skipulag heilbrigðisþjónustu. Nálgast má upplýsingar um spálíkanið, aðferðir og forsendur má nálgast á vefsíðunni <https://covid.hi.is/> Helstu niðurstöður spálíkansins með gögnum til og með 5. apríl eru eftirfarandi:

- Gert er ráð fyrir því að á meðan þessi bylgja faraldursins gengur yfir muni rúmlega 2100 manns á Íslandi vera greind með COVID-19, en talan gæti náð nær 2600 manns skv. svartsýnni spá.
- Gert er ráð fyrir að fjöldi greindra einstaklinga með virkan sjúkdóm nái hámarki í fyrstu viku apríl og verði sennilega um 1400 manns, en gæti viku seinna náð 1700 manns skv. svartsýnni spá.
- Gert er ráð fyrir að á meðan að þessi bylgja faraldursins gengur yfir muni 140 manns þarfnast innlagnar á sjúkrahúsi, en gæti náð hátt í 170 manns.
- Mesta álag á heilbrigðisþjónustu vegna sjúkrahúsinnlagna verður fyrir miðjan apríl en þá er gert ráð fyrir að um það bil 70 einstaklingar geti verið innliggjandi á sama tíma, en svartsýnni spá er 90 einstaklingar.
- Gert er ráð fyrir því að á tíma faraldursins muni um 28 einstaklingar veikjast alvarlega, þ.e. þurfa innlögn á gjörgæslu, á tímabilinu en svartsýnni spá er 41 einstaklingar.
- Mesta álag á gjörgæsludeildir gæti orðið í annarri viku apríl, en þá er búist við því að 11 manns liggi þar inni á sama tíma, en samkvæmt svartsýnni spá gætu það verið 19 manns.
- Smávægileg hliðrun aldursdreifingar í átt að fleiri greindum smitum meðal einstaklinga yfir sextugt myndi auka álag á heilbrigðisþjónustu talsvert.
- Greiningarvinnan mun halda áfram og spáin verður uppfært reglulega með nýjum upplýsingum. Hafa ber í huga að vegna fámennis geta tölurnar um fjölda greindra tilfella breyst mikið frá degi til dags sem hefur áhrif á spána, en hún verður stöðugri eftir því sem á líður.

#### Greind smit Uppsöfnuð greind smit



#### Virkt greind smit á hverjum degi



Fjöldi staðfesta smitaðra hér á landi er nú 1.586 og 1.021 eru í einangrun. Alls eru 1.160 innanlandssmit og ekki vitað

um uppruna 96 smita. Samtals hafa um 28.991 sýni verið tekin, 1.112 síðasta sólarhring. Af þeim sem greinst hafa með COVID-19 á Íslandi eru sex látirnir.

[Skv. tölum Landspítalans](#) eru 35 á Landspítala með COVID-19 smit, þar af eru 11 á gjörgæslu og sex á öndunarvél. 1002 eru í eftirliti á Göngudeild COVID-19, þar af 97 börn í eftirliti Barnaspítala Hringins. Þá hefur 595 einstaklingum batnað og 44 einstaklingar hafa verið útskrifaðir af spítalanum.

### Staðfestingu/vottorð um sóttkví

Einstaklingar þurfa að vera skráðir í sóttkví til að hægt sé að gefa út staðfestingu/vottorð um slíkt. Þeir hafa þá annað hvort farið í sóttkví vegna ferðalaga eða hafa verið skráðir í sóttkví af heilsugæslunni eða rakningateymi skv. fyrirskipun sóttvarnalæknis.

- Einstaklingar með rafræn skilríki geta skráð sig sjálfir í sóttkví á heilsuvera.is (eingöngu sóttkví fyrirskipuð af yfirvöldum sbr. að ofan, en ekki sjálfskipuð sóttkví). Ef einstaklingar eru ekki með rafræn skilríki þá skrá þeir sig í sóttkví á sinni heilsugæslu.

Þegar skráning er frágengin er hægt að sækja vottorð/staðfestingu um sóttkví á heilsuvera.is með rafrænum skilríkjum. [Þetta má sjá nánar hér](#). Vottorð vegna einangrunar þarf að nálgast hjá þínum lækni.

### Upplýsingafundur dagsins:

**Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir** sagði óvenjufá smit hafa verið greind síðasta sólarhring. Sýni hafi reyndar verið færri en síðustu daga. Þórólfur sagði góðu fréttirnar í dag vera þær að fleirum hafi batnað síðasta sólarhring en hafi smitast. Þórólfur sagði erfitt að segja til um hvort þetta væri raunveruleg breyting. Næstu dagar segi til um hvort toppi hafi verið náð í faraldrinum. Við höfum fylgt spálíkani HÍ og erum raunar undir bestu spá á flestum þáttum, nema hvað varðar innlagnir á gjörgæslu. Við þurfum að fylgjast sérstaklega með staðgreiningum og áttum símafund með heilsugæslunni um land allt og erum vakandi fyrir staðbundnum hópsýkingum. Þórólfur sagði að vinna væri hafin við að aflétta takmarkanir eftir 4. maí en ekki væri tímabært að segja frá fyrr en eftir páska. Einnig er unnið að því að undirbúa viðbrögð við komu ferðamanna til landsins með skipum og flugi meðan á takmörkunum stendur. Markmiðið er að tryggja að við fáum ekki aftur faraldur í sumar eða haust. Loks fjallaði Þórólfur um mótetnamælingar en þær felast í að kanna hvort einstaklingar hafi sýkst á einhverju stigi. Próf af þessu tagi þurfi að uppfylla kröfur, fá samþykki landlæknis og leyfi ráðherra. Hann varaði við að kaupa próf á netinu, þau væru oft óáreiðanleg og gæfu villandi niðurstöður. Rannsóknir hæfust þó varla fyrr en faraldur færi aðeins niður.

**Alma Möller landlæknir** sagði mikið mæða á heilbrigðiskerfinu. Embætti landlæknis kallar vikulega eftir upplýsingum frá heilbrigðisstofnunum og sagði að víðast hvar gangi allt vel. Flóknar aðstæður væru þó á Vestfjörðum og þangað hafi farið hópur fólks úr bakvarðasveit í gær. Einnig var fundað með sjúkraflutningafólki en mikið mæðir á þeim en gengur vel. Alma minnti á að í dag er alþjóðaheilbrigðisdagur WHO. Þema dagsins snýst um mikilvægi hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra en það var ákveðið áður en Covid-19 kom til en árið 2020 er einnig tileinkað störfum hjúkrunarfræðinga. Áætlað er að 18 milljónir heilbrigðisstarfsmenn vanti til 2030, til að tryggja lágmarks þjónustu. Í nýjum tölum eru 57% heilbrigðisstarfsmanna í Evrópu hjúkrunarfræðingar. Hún hvatti ungt fólk til að kynna sér háskólanám í hjúkrunarfræði eða ljósmóðurfræði og að það vanti fleiri karla í hjúkrunarfræði. Hún þakkaði einnig fyrir ómetanlegt framlag sjúkraliða. Alma sagði að 1.100 manns væru í bakvarðasveit heilbrigðiskerfisins. Fleiri hafi bæst við í hóp þeirra sem geta hugsað sér að starfa á landsbyggðinni. Þá væru 1.300 í bakvarðasveit velferðarkerfisins og þar fjölgaði einnig þeim sem gætu starfað utan höfuðborgarsvæðisins. Alma sagði mikilvægt að passa hvert upp á annað. Styðja við þá sem búi við erfiðar aðstæður. Við þyrftum sérstaklega að passa upp á börnin okkar. Við erum öll barnavernd.

### Sigbrúður Guðmundsdóttir framkvæmdastýra Kvænnaathvarfsins,

Sigbrúður sagði fullt tilefni til að tala um heimilisofbeldi en rannsóknir sýna að heimilisofbeldi verði tíðara og hættulegra á erfiðum tímum. Hún sagðist fyrst vilja beina orðum sínum til **gerenda**. Hún sagði mjög algengt að gerendur sæju að sér, eftir að konur kæmu í Kvænnaathvarfið og segðu sögu sína. Talað væri við gerandann sem lofi öllu fögru í kjölfarið. Hún sagði eflaust marga meina þetta en það væri þversögn fólgin í því að missa ítrekað stjórn á skapi sínu og biðja um traust að nýju. Hún hvatti alla þá sem sjái sig í þessari stöðu, misstu stjórn á sér eða beittu ofbeldi, að leita sér hjálpar. Líkur væru til þess að það sem gerist einu sinni, gerist aftur. Ekki síst á tímum sem þessum. Mörg úrræði eru í boði, hægt er að hringja 1717 eða leita til fagfólks víða í samfélaginu.

Næst beindi Sigbrúður orðum sínum til **polenda**. Kvænnaathvarfið er opið eins og alltaf. Starfsfólk heldur húsnæðinu opnu, hreinu – og smitfrú. Áætlun er til staðar ef skipta þarf upp hópnum vegna smits eða að finna þarf annað

húsnæði. Síminn er opin allan sólarhringinn og hægt er að fá ráðgjöf eða stuðning. Hægt er að ræða allt, jafnvel þótt konur telja að aðstæður sínar séu ekki nægilega alvarlegar. Óvenjulegir tímar kalla á óvenjuleg viðbrögð – og allir eiga að leita aðstoðar ef ástæða þykir. Hún benti einnig á ýmis önnur úrræði, t.d. Bjarkarhlíð, Drekaulóð og víðar.

Loks talaði Sigprúður um **börnin**. Börn á ofbeldisheimilum eigi ekkert val. Foreldrar standa oft í þeirri trú að börn verði ekki fyrir áhrifum af ofbeldi en það er alrangt. Að alast upp á ofbeldisheimili hefur gríðarleg áhrif, börn verða af miklum lífsgæðum. Rannsóknir sýna að börn sem alast upp á ofbeldisheimilum eru líklegri til að lenda í ótal mörgum vandamálum á lífsleiðinni. Það er því svo mikilvægt að huga að börnum sem kunni að búa á ofbeldisheimilum. Mikilvægt er að börn hafi einhvern til að leita til, einhvern sem þau treysta. Nú hafa þau á hinn bóginn færri til að umgangast vegna aðstæðna, eiga ekki griðastað. Það mikilvægasta sem við getum gert öll er að koma í veg fyrir að börn búi á ofbeldisheimilum og rétta þeim börnum hlýlega hjálparhönd.

**Víðir Reynisson yfirlögreluþjónn** lokaði fundinum og þakkaði Sigprúði fyrir sérlega mikilvæg skilaboð. Hann sagði að einstaklingar yrðu varir við heimilisofeldi yrði að segja frá því til að vernda heimilisfólk og börnin. Hann sagði að því miður væri ekki hægt að leyfa heimilisfólki á hjúkunarheimilum að fara heim um páska eða páskaboð.

Víðir hvatti fólk til að vera heima um páskana og gæta þess að fara ein í búðir og gæta 2 metra reglunnar í hvívetna. Það fólk um að vera gott hvert við annað og standa saman.

## Upplýsingamiðlun og verkefni

### Í Samhæfingarstöð almannavarna fer fram samhæfing aðgerða og upplýsingagjöf á landsvísu vegna COVID-19.

**Landhelgisgæslan** TF-SIF, eftirlitsflugvél Landhelgisgæslunnar, flaug með öndunarvél til Ísafjarðar í hádeginu í dag. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hafði samband við Landhelgisgæsluna og óskaði eftir því að flogið yrði með öndunarvélina vestur á firði. TF-SIF lenti um hádegisbil á flugvællinum á Ísafirði þar sem öndunarvélin var afhent.

**Rauði krossinn.** Vegna álags á Hjálparsíma Rauða krossins 1717 og netspjallið 1717.is [hefur félagsmálaráðuneytið](https://www.hfur.is) ákveðið að styðja við þjónustuna. Stuðningurinn mun efla Hjálparsímann og netspjallið í að sinna meðal annars fjölskyldum, börnum og ungmennum, fötluðu fólki öldruðum og fólki af erlendum uppruna á þeim fordæmalausu tímum, sem nú eru uppi. Alls voru samtöl síðu stu viku hátt á níundahundrað og bar helst á kvíða, einmannaleika, þunglyndi, atvinnuleysi og einnig voru samtöl

**Rauði krossinn og Slysavarnarfélagið Landsbjörg** hvetja fólk sérstaklega til að vera heima um páskana og munu birta auglýsingar með slíkri hvatningu næstu daga.

varðandi COVID-19.

**Björgunarsveitir.** Vegna ófærðar og óveðurs hafa björgunarsveitir undanfarið sinnt sjúkraflutningi Covid-19 veikra á farsóttarhús, séð um flutning á Covid-19 sýnum til greiningar víða af landsbyggðinni og aðstoðað heilbrigðisstarfsfólk við að komast til og frá vinnu. Einnig hafa björgunarsveitir aðstoðað við dreifingu matvæla til eldri borgara.

**Heilbrigðisstarfsmenn** í Samhæfingarstöðinni eru að setja saman heildaráætlun fyrir heilbrigðisstofnanir um viðbrögð við COVID-19. Einnig er verið að huga að hlífðarbúnaðarmálum til að tryggja að ávallt séu til nægar birgðir af nauðsynlegum búnaði.

**Borgaraþjónusta utanríkisráðuneytisins.** Borgaraþjónustan hefur vakið athygli á því við Íslendinga sem staddir eru erlendis og hygga á heimferð, að nýta sér ferðir Icelandair frá London og Boston næstu daga, og frá Alicante á Spáni á miðvikudag. Þessar ferðir eru samkvæmt samkomulagi sem íslensk stjórnvöld gerðu nýlega við Icelandair, og gildir að svo stöddu til 15. apríl. „Flugsamgöngur munu ekki falla niður með öllu eftir 15. apríl, en enn er ekki ljóst hvernig þeim verður háttað. Borgaraþjónustan hefur einnig vakið athygli á því við Íslendinga sem staddir eru í Bandaríkjunum að þeir sem hafa ekki lögmeða ástæðu til að framlengja dvöl sína í Bandaríkjunum umfram það sem ESTA ferðaheimild þeirra segir til um, fái ekki sjálfkrafa framlengingu á sinni ESTA áritun, og að þeir sem dvelji þar fram yfir gildistíma áritunarinnar megi búast við að sæta endurkomubanni til Bandaríkjanna. „Eingöngu þeir sem hafa lögmeða ástæðu til að hafa ekki flýtt heimför, s.s. sjúkrahúsvist eða aðrar slíkar ófyrirsjáanlegar ástæður, geta fengið framlengingu. Almannavarnir og utanríkisþjónustan fylgjast náið með heimflutningum Norðurlanda og annarra Evrópuþjóða og vinna saman að því að aðstoða Íslendinga við að komast að í þau flug. Þetta er eina leiðin heim frá þeim ríkjum sem hafa algjörlega lokað landamærum sínum og munu fleiri fá að nýta sér slík flug á næstu dögum. Sem dæmi má nefna að yfir 130 manns nýttu sér flug frá Póllandi til Íslands í vikunni með flugfélaginu LOT á vegum pólskra stjórnvalda. Um 20 manns hafa nýtt sér flug danskra, þýskra, breskra, franskra og finnskra stjórnvalda frá Mið- og Suður-Ameríku, Afríku, Austur-Evrópu og Asíu, þ.m.t. Wuhan í Kína.

## Hertar aðgerðir vegna COVID- 19 sjúkdómsins á Vestfjörðum

[Aðgerðastjórn almannavarna á Vestfjörðum í samráði við sóttvarnalækni og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra](#) hefur ákveðið að bregðast enn frekar við COVID- 19 á Suðureyri, Flateyri, Þingeyri og Súðavík með neðangreindum aðgerðum: Leik- og grunnskólum á Suðureyri, Flateyri, Þingeyri og Súðavík verði lokað frá og með 6. apríl 2020. Þó skulu börn á forgangslistum fá vistun á leikskólum og 1. og 2. bekkjum grunnskóla.

Samkomubann verði miðað við 5 manns (þetta á þó ekki við um fjölskyldur sem búa á sama heimili).

Fjöldi viðskiptavina í stærri verslunum (>150 fermetrar) sé að hámarki 30 á hverjum tíma. [Enn eru hertar aðgerðir á Ísafirði, Hnífsdal og Bolungarvík](#) vegna Covid -19. Ákvörðun aðgerðastjórnar frá 1. apríl sl. um hertar aðgerðir í Bolungarvík, Hnífsdal og Ísafirði er enn í gildi

## Vinnumálastofnun.

[Stjórnvöld koma til móts við vinnumarkaðinn.](#) Alþingi hefur samþykkt frumvarp, félags- og barnamálaráðherra, um rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfshlutfalli vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitenda. Lögin fela í sér að laun sem greidd eru [samhliða minnkuðu starfshlutfalli](#) koma ekki til skerðingar á atvinnuleysisbótum [Verktakar og sjálfstætt starfandi sækja um á Mínum síðum.](#) Skila inn vottorði frá RSK um að rekstur hafi dregist saman. Alls hafa borist um 30 þúsund umsóknir frá einstaklingum um atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli sem er hið nýja úrræði stjórnvalda til að viðhalda sem flestum ráðningarsamböndum á vinnumarkaði meðan þetta tímabundna ástand ríkir. Um 70% umsókna er af höfuðborgarsvæðinu en stór hluti kemur einnig af Suðurnesjum. Gert er ráð fyrir því að atvinnuleysið fari upp í 8,4% í mars og muni ná 14% í apríl. Gert er ráð fyrir því að hægt verði að sækja um greiðslur vegna sóttkvíar um miðjan aprílmánuð. Gríðarleg álag er á Vinnumálastofnun þessa dagana sem skýrist af fjölgun atvinnulausra. Aðgerðir eru í farvatninu sem dempa munu álagspunkta í starfseminni næstu mánuðina.

## Viðbragðsteymi til að draga úr þjónusturofi við viðkvæma hópa

Félags- og barnamálaráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa komið á fót viðbragðsteymi til að draga úr þjónusturofi við viðkvæma hópa í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Viðbragðsteymið er skipað fulltrúum fyrrgreindra aðila ásamt fulltrúa félagsmálastjóra, fræðslustjóra, Reykjavíkurborgar og Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar og starfar í náinni samvinnu við aðila sem sinna hagsmunagæslu og/eða þjónustu við viðkvæma hópa og fundar í það minnsta einu sinni í viku Staðan í þjónustu við viðkvæma hópa er á flestum stöðum nokkuð góð og ekki mikið um nýjar áskoranir frá því fyrir viku. Sérstaklega var leitað upplýsinga um stöðu barna í vikunni kom þá fram áhyggjur væru af velferð barna sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður og enn fremur hefur fækkun tilkynninga til barnaverndar verið áhyggjuefni. Nefndar voru tölur á borð við 20-30% fækkun tilkynninga til barnaverndar en upplýsingar á landsvísu liggja ekki fyrir. Unnið er að því að afla þessara gagna.

## Réttindavakt félagsmálaráðuneytisins

Í vikunni fundaði Réttindavakt félagsmálaráðuneytisins sem í sitja hagsmunasamtök fatlaðs fólks þar sem var farið yfir stöðu fatlaðs fólks á Íslandi í ljósi COVID-19. Á fundinum ræddi Réttindavaktin meðal annars um hvernig tryggja megi að þjónusta við fatlað fólk skerðist sem minnst og hvernig hægt sé að tryggja fullnægjandi upplýsingaflæði til fatlaðs fólks. Afar mikilvægt er að tryggja að öllum sé gert kleift að fylgjast með umræðunni um COVID-19 í samfélaginu og hvetur Réttindavaktin þá aðila sem miðla mikilvægum upplýsingum vegna COVID-19 að hafa efnið einnig á auðlesnu máli. Félagsmálaráðuneytið vill ítreka netfangið [vidbragð@frn.is](mailto:vidbragð@frn.is). Þangað geta allir leitað sem hafa áhyggjur af framkvæmd þjónustu eða hafa ábendingar um það sem betur má fara í velferðarþjónustu.

- [Sjá nýlegar leiðbeiningar til notenda og aðstoðarfólks í NPA.](#)

## Vefurinn [www.covid.is](http://www.covid.is)

Upplýsingar um tölfræði sjúkdómsins eru uppfærðar einu sinni á dag og birtar kl. 13:00 á vefsvæðinu [covid.is](http://www.covid.is) Á vefnum er hægt að nálgast upplýsingar um aðgerðir hér á landi vegna sjúkdómsins sem veldur COVID-19. Vefurinn er í sífelldri þróun og uppfærður reglulega. Sérstakur hnappur um geðheilbrigði [Liðan okkar](#) uppfærður með margvíslegum upplýsingum og aðstoð í öllum landshlutum.

## Framundan:

- Upplýsingafundur fyrir fjölmiðla eru áætlaðir alla daga kl. 14:03.
- Næsti stöðufundur vegna COVID-19 verður miðvikudaginn 8. apríl 2020 kl. 9:00.

## Samráð og frekari upplýsingar

- **Allir íbúar Íslands** sem hafa dvalið erlendis og snúa heim 19. mars eða síðar þurfa að fara í sóttkví í 14 daga. [Sjá upplýsingar á vef embættis landlæknis.](#)
- Lýðheilsusvið embættis landlæknis hefur tekið saman heilræði sem byggja á niðurstöðum rannsókna á því hvað er gagnlegt að gera til að hlúa að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. [Heilræðin eru nú birt daglega á vef.](#)
- [Sektir fyrir brot gegn sóttvarnalögum vegna COVID-19.](#) Frétt á vef stjórnarráðsins 27.03.2020.
- Fréttatilkynning heilbrigðisráðherra: [Samkomubann framlengt til 4. maí til að hefta útbreiðslu Covid-19](#) sem átti að falla úr gildi 13. apríl næstkomandi.
- [Leiðbeiningar fyrir einstaklinga með áhættuþætti fyrir alvarlegri sýkingu. \(uppfært 30.03.2020\)](#)
- [Leiðbeiningar til veitinga og gististaða vegna hámarksfjölda í hópum og hverju rými.](#) Nú er sem kunnugt er búið er að herða kröfurnar vegna samkomubanns og hámarks fjöldi í hópum og hverju rými er 20 manns. Ferðamálastofa hefur í samvinnu við Embætti landlæknis og heilbrigðisráðuneytið unnið leiðbeiningar. Munum einnig 2ja metra regluna.
- [Vinnueftirlitið hefur heimildir til að loka vinnustöðum sem ekki virða hið nýja samkomubann](#) Vinnueftirlitið beinir því til vinnustaða að hlíta hertum reglum um samkomubann. Að öðrum kosti er litið svo á að þeir ógni öryggi og heilbrigði starfsmanna sinna. [Sjá uppl. í tengslum við COVID-19.](#)
- [Bakvarðasveit lögreglu.](#) Óskað er eftir fólki, sem lokið hefur prófi frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómaprófi í lögreglufræðum ásamt starfsnámi á vegum lögreglunnar.
- [Bakvarðasveit heilbrigðisþjónustunnar.](#) Heilbrigðisyfirvöld óska liðsinni heilbrigðisstarfsfólks úr hópi heilbrigðisþjónustu sem starfa hjá opinberum heilbrigðisstofnunum. rúmlega 1.000 manns skráð sig á lista bakvarðasveitar heilbrigðisþjónustunnar og yfir 116 komnir til starfa. Á skrá eru einstaklingar úr 13 löggiltum heilbrigðisstéttum sem hafa boðið fram aðstoð sína.
- [Bakvarðasveit félagsmálaráðuneytis Félags- og barnamálaráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga, vinna í sameiningu að því að koma á fót bakvarðasveit í velferðarþjónustu.](#) Bakvarðasveit velferðarþjónustu fór í loftið 17. mars og eru nú komnar yfir 1.000 skráningar. Hópurinn sem hefur skráð sig er fjölbreyttur og samræmist það vel þeim ólíku störfum sem fyrir hendi eru í velferðarþjónustu. Þegar hafa sex sveitarfélög og ein stofnun óskað eftir starfsfólki af listanum og hefur listinn reynst vel þegar upp hafa komið mál tengd COVID-19. Í flestum tilvikum hefur verið um að ræða sólarhringsþjónustu á heimilum fatlaðs fólks sem ekki má falla niður en auk þess hefur verið óskað eftir hjúkrunarfræðingum í heimahjúkrun og starfsmönnum í barnavernd.
- [Bakvarðalista fyrir Dýralækna- til að sinna dýralækningum.](#) sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, ásamt Matvælastofnun og Dýralæknafélagi Íslands hafa sett upp. [Bændasamtökin](#) hafa komið á fót miðlægðri afleysingaþjónustu fyrir bændur.
- [Leiðbeinandi viðmið um íþrótt- og æskulýðsstarf í ljósi takmörkunar á skólastarfi og samkomum.](#) Leiðbeinandi viðmið um hvernig beri að túlka auglýsingar um takmörkun á samkomum vegna farsóttar og takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar þegar kemur að íþrótt- og æskulýðsstarfi barna, ungmenna og fullorðna.
- [Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur – upplýsingasíða vegna COVID 19.](#)
- Hægt er að nálgast upplýsingar um niðurstöður sýna frá Íslenskri erfðagreiningu/DeCode í Heilsuveru undir valmyndinni „Samskipti“. Innskráning með rafrænum skilríkjum.
- Vefsíðan <https://island.is/> er upplýsinga- og þjónustuveita opinberra aðila á Íslandi. Þar getur fólk og fyrirtæki fengið upplýsingar og notið margvíslegrar þjónustu hjá opinberum aðilum á einum stað í gegnum eina gátt. Vefurinn er einnig á ensku.
- [Rakning C-19](#) Út er komið smáforritið (appið) Rakning C-19 sem er mikilvægur hlekkur í því viðamikla starfi sem er í gangi vegna Covid-19. Appið hjálpar til við að greina ferðir einstaklinga og rekja saman við ferðir annarra þegar upp kemur smit eða grunur um smit. Appinu hefur nú verið hlaðið niður í 120 þúsund símtæki. Appið er aðgengilegt í [App Store](#) og [Google Play English](#) [Polsku](#)



### COVID-19 á Íslandi - Tölfræði


- Upplýsingar á síðunni eru sóttar úr gagnagrunni á miðnætti.

#### Heildartölur



Af þeim sem greinst hafa með COVID-19 á Íslandi eru sex látin.

#### Fjöldi virkra smita og þeirra sem er batnað




#### Hlutfall smitaðra sem greinast í sóttkví




**53%**

þeirra sem hafa greinst voru í sóttkví



#### Fjöldi smita eftir aldri




## Fjöldi smita eftir kyni



Download data

## Uppruni smits



Download data


## Smit / sóttkví eftir landshlutum



Landshluti	Smit	Sóttkví
Höfuðborgarsvæði	1,143	2,557
Suðurnes	72	193
Suðurland	166	364
Austurland	6	44
Norðurland eystra	43	173
Norðurland vestra	35	38
Vestfirðir	47	319
Vesturland	29	106
Óstaðsett	45	613
Útlönd	0	0

Download data


## Fjöldi smita



Download data

Þegar gefnar eru út upplýsingar um hve smitubóm hefur fjölgað mikið frá deginum áður er það ekki alltaf svo að sambærileg tala birtist í síðu dagsins. Ástæðan er sú að birting upplýsinga um smit taka mið af því hvenær sýnið var tekið en ekki hvenær það var greint.

## Fjöldi sýna



## Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá **um 1,365,004 einstaklingi** samkvæmt John Hopkins og **um 78,269 einstaklingar** hafa látist. Þá hafa **292,973 einstaklegar náð** sér eftir veikindin. Skv. ECDC er faraldurinn meðalstór fyrir hrausta einstaklinga en mikil lýðheilsu-ögn fyrir aldraða og einstaklinga með undirliggjandi sjúkdóma. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu \(ECDC\)](#) varðandi þróun mála í hverju landi fyrir sig. Sjá áhættumat ECDC.